
Þ Ó R S M Ö R K

1 9 8 4

Skýrsla Starfsmanna
Skógræktar Ríkisins

E F N I S Y F I R L I T

INNGANGUR	1
FERÐAMÁL	2
Fjöldi gesta	2
Rukkanir	2
Tjaldsvæði	3
Umgengni	4
Sorp	4
Vatnsföll	5
GIRÐINGAR OG SAUÐFÉ	6
FARARTÆKI OG HÚSNÆÐI	7
LOKAORÐ	8

Inngangur.

Skýrsla þessi fjallar um starfsemi á vegum Skógræktar ríkisins, í Þórsmörk, sumarið 1984. Einnig verður dregið á þau atriði sem helst er ábótavant og það sem þarf að lagfæra til þess að starfsemi sem þessi geti gengið sem best fyrir sig.

Starfsmenn í Þórsmörk þetta sumar voru Íris Marelsdóttir og Árni Ingólfsson. Er þetta þriðja sumar okkar í þessu starfi og munum við hér ekki tíunda þá hluti sem eru með líku sniði frá ári til árs, heldur vísum í fyrri skýrslur.

Sumarið 1984 einkenndist af umhleypingasömu veðri, mikilli gestakomu og svo miklu af sorpi að það mun seint gleymast. Þetta sumar var mjög annasamt en jafnframt ánægjuríkt og einu leiðinlegu minningar sumarsins standa í sambandi við ónýta girðingu og krökkt af sauðfé.

FERÐAMÁL.

Fjöldi gesta.

Mikill fjöldi innlendra og erlendra gesta heimsótti Þórsmörk í sumar. Nú var tekin upp sú nýbreytni að gisti- nætur voru taldar allt sumarið og færðar inn á þar til gerðar gistingaskýrslur frá Hagstofu Íslands. (sjá meðfylgjandi afrit) Var þetta til mikilla bóta og fékkst ágæt yfirsýn yfir gesta- komu. Þessar gistingaskýrslur eru þó etv. ekki alveg hárréttar, þar sem á annasömum helgum er erfitt að telja alla hausea.

Nú í sumar brá svo við, að Þórsmörk var opin fyrir gestum um Hvítasunnu. Starfsmenn kviðu nokkuð fyrir þessari helgi og minntust Hvítasunnuhelgar árið 1982. Þessi kvíði reyndist þó ástæðulaus þar sem Hvítasunnan nú í ár leið með blíðskaparveðri og án teljandi vandræða. Þó finnst okkur tími til komin að settur verði fastur tími á opnun tjaldsvæða í Þórsmörk og má þá miða við 1. júní, en þá koma tjaldverðir til starfa.

Rukkanir.

Mikil vinna felst í innheimtu tjaldgjalda. Svæðið er stórt og yfirferðin mikil. Má hafa hraðann á, að ljúka inn- heimtu áður en gestir hverfa heim á leið.

Fyrri hluta sumars sköpuðust talsverð leiðindi vegna tvöfaldrar gjaldheimtu í Básum. Þannig er mál með vexti, að Ferðafélagið Útivist á og rekur salernin á svæðinu og innheimti til að byrja með, gjöld af hverjum manni fyrir þjónustuna. Loks var komist að samkomulagi um þessi mál. Skógræktin hækkaði sín gjöld en Útivist hætti allri gjaldheimtu.

Tvær síðustu helgarnar í júlí og um Verslunarmannahelgina var Björgunarsveitin Dagrenning staðsett við Steinhóltsá og innheimti 50 kr. af hverjum þeim er heimsækja vildi Þórsmörk. Björgunarsveitin hafði einnig það verkefni að hafa vakt við árnar og sjá um minni háttar óróa. Ekki var samhugur meðal hagsmunaaðila í Þórsmörk, um þessa þjónustu og sköpuðust þ.a.l. vandræði, Starfsmenn skógræktarinnar innheimtu ekki gjöld

þessar helgar, en gestir staðsettir í Langadal voru krafðir tjaldgjalda af Ferðafélagi Íslands. Gestir voru að vonum óánagðir með þetta fyrirkomulag og eins var framkoma og útbúnaður björgunarsveitamanna ekki til fyrirmyndar. Með farartækjum sínum voru þeir ekki þess megnugir að draga stærri bíla úr ánum, auk þess sem um Verslunarmannahelgi vísuðu þessir menn gestum á tvísýnum stað yfir Krossá, þó svo að starfsmenn skógræktar hafi vakið athygli á mjög góðu vaði aðeins ofar í ánni. Þessi atriði segja sína sögu um þjónustuna. Margt fleira mætti nefna en það verður ekki tíundað hér, og vonum við að þessi þjónusta verði ekki á boðstólnum aftur.

Tjaldsvæði.

Í vor var borið á þær flatir, er ferðamenn heimsækja hvað mest. Áburður sá er skógræktin sendi okkur, dugði þó ekki nema á gilin fyrir innan Langadal og á aurana. Eitthvað minnumst við á það við Lögregluna á Hvolsvelli, að því miður ættum við engann áburð á Strákagilið, en þar á Lögreglan kaffiskúr. Um þetta voru ekki höfð fleiri orð, en þegar Lögreglan kom í eftirlitsferð um Hvítasunnu höfðu þeir meðferðis stóran poka af grasfræi og 100 kg. af áburði. Þessi áburður dugði á flatirnar í Básun og Strákagili og kunnum við Lögreglunni bestu þakkir fyrir.

Ástand tjaldsvæða er víðast hvar gott, að undanskildum flötunum inn í Básun. Í leysingum síðastliðið vor, ruddi Strákagilslækurinn sér leið inn á tjaldsvæðin þar og lék hörmulega. Þar sem áður voru grænar flatir er nú stórgrýtisurð. Það svæði, sem ekki fór undir urðina var þéttsetið í allt sumar og hafa því víða myndast flög. Ekkert þýddi að girða þessi svæði af, þar sem nú í sumar brá svo við, að skipulagðar hópfarir, svo sem Úlfar Jacobsen og Natur Reisen, höfðu flestar næturstetu í Básun, í stað Langadals áður og má segja að í júlímánuði hafi flestar nætur verið stórar tjaldbúðir í Básun. Ef þessi þróun heldur áfram, er brýnt að fjölga tjaldsvæðum í Básun með einhverju móti.

Húsadalur og önnur svæði á vegum skógræktarinnar, voru þéttsetin flestar helgar sumarsins. Þessi átroðningur kom lítt niður á gróðri. Gestir í Húsadal kvörtuðu mikið yfir aðstöðuleysi þar. Nauðsynlegt er að koma upp útivöskum á þrem til fjórum stöðum í dalnum. Þá eru kamrarnir engann veginn fullnægjandi. Hjá Austurleið hf. í Húsadal, er nú lokið við að reisa salerni og sauna. Þessi aðstaða var ekki opin tjaldfólki úr Húsadal í sumar og vitum við ekki hvernig fyrirkomulagið verður á næstu árum.

Á milli Langadals og Húsadals er göngustígur einn, mikið notaður. Í rigningu má segja að þessi stígur sé ófær öðrum en þeim er hafa góða skó á fótum. Verður stígurinn þá einn forarlækur og hafa tjaldverðir oftast en ekki farið í loftköstum niður brekkuna hjá Snorraríki.

Nú í haust, hófst Ferðafélag Íslands handa við gerð varanlegs göngustígs upp Langadal. Finnst okkur að næsta sumar þurfi skógræktin einnig að láta hendur standa fram úr ermum og sjá til þess að varanlegur stígur nái alveg fram í dalsmyggi Húsadals fyrir haustið 1985. Þetta verk tekur ekki langan tíma ef mannskapur er til staðar.

Umgengni.

Í Básum og giljum er umgengni alltaf góð, en í Húsadal er annað uppi á teningnum. Þar er oft skilið sóðalega við og iðulega tekur heilan dag að tína ruslið upp af flötunum. Við höfum ætíð haft það fyrir reglu, að vera í Húsadal, er fólk er á heimleið og vekja athygli þess á ruslinu. Sumir taka vel í þessa málaleitan, en aðrir telja sig lausa allra mála eftir að hafa reitt af hendi tjaldgjöld.

Sorp.

Í sumar var sorp með allra mesta mótí og oft var maðurinn farinn að dafna í pokunum áður en þeir komust í brennsluofnana. Starfsmenn skógræktarinnar hafa tvo brennsluofna til sinna umráða. Er annar staðsettur fyrir utan Slyppugil

en hinn er í Húsadal. Nú var sorpið það mikið að til vandræða horiði. Ofnarnir eru það afkastalitlir, að óratíma tekur að brenna ruslinu, og eins þarf ógrynni af olíu.

Í Slyppugili er ösku og gleri ekið beint í ána. Krossá sér um að mylja þetta mélinu smærra og ekki verður nokkur sóðaskapur af. Í Húsadal er ekki hægt að hafa sama háttinn á, og þar eru dósir og gler grafin í jörð. Er nú svo komið að gilið, sem ofninn stendur í er orðið ein stór gryfja og gengur þetta fyrirkomulag ekki lengur. Á hverju vori þarf að hylja gamalt rusl, sem frostið hefur ýtt upp yfir veturinn. Strax væri til bóta, ef að gámur fengist undir öskuna, sem stæði allt sumarið, en fjarlægður að hausti. Eins er nauðsynlegt, að skógræktin fái tvo ofna til viðbótar, til þess að hafa samhliða hinum. Gengi þá brennslan öllu hraðar fyrir sig.

Ef til vill, er sá möguleiki einnig fyrir hendi, að fá vörubíl inn úr, einu sinni í viku, til þess að sækja rusl, og hafa þá samvinnu við aðra hagsmunaaðila í Þórsmörk.

Vatnsföll.

Krossá er alltaf erfið yfirferðar. Í sumar hélst vatnsmagnið í henni nokkuð stöðugt og yfirleitt var hægt að finna sæmileg vöð.

Töluvert var um eignatjón í ánum, en aldrei urðu slys á mönnum. Mesta tjónið varð sennilega, er tveir hópferðabílar rákust saman í Krossá.

Nokkuð hefur verið rætt um að setja göngubrú yfir Krossá. Að sjálfsögðu væri það til mikilla bóta fyrir gesti Merkurinnar og þá sérstaklega þá sem ferðast með áætlunarbílum. En sennilega hefðu brú, sem þessi, lítil áhrif á bílaumferð yfir ána, þar sem Íslendingar virðast hafa gaman af að leika sér að hættunum.

Áður hefur verið minnst á slaka frammistöðu björgunar-sveitarinnar við vatnagæslu og verður það ekki rætt nánar hér.

GIRÐINGAR OG SAUÐFÉ.

Girðingin umhverfis Þórsmörk er víða illa farin. Verst er ástandið frá Tindfjallagili og inn að Rjúpnagili, en á þessu svæði er girðingin svo gott sem ónýtt. Netið er ryðgað og allt í götum, flestar renglur í molum og þeir járnstaurar er uppi standa, eru gegntærðir af ryði.

Í sumar átti Þórsmörk 60 ára friðunarafmæli og vel hefði verið við hæfi að endurnýja girðinguna á þessum tímamótum. En úr því varð ekki, heldur var sendur viðgerðaflokkur, er hafði það verkefni að tjasla upp á verstu kaflana. Meðferðis hafði flokkurinn aðeins 100 metra af nýju neti, nokkrar renglur og fáeina staura. Svona vinnubrögð gera ekkert gagn, en kosta hins vegar peninga. Okkur, sem í Þórsmörk störfum, er síðan ætlað að stugga fé út fyrir girðingu, en það er að sjálfisögðu vonlaust verk þar sem fé kemur jafnóðum inn aftur. Á afréttinum, sem þessu fé er ætlaður, er ekki stingandi strá að finna og því ekki undarlegt að fé sækir stíft inn fyrir.

Í sumar sáust þess greinileg merki, að bændur leggjast enn svo lágt að gera gat á girðingar og hleypa fé sínu inn. Ekki er hægt að koma í veg fyrir svona lágkúru á annan hátt en að vakta girðinguna þann tíma er bændur reka á afréttinn.

Nú í sumar var tvisvar smalað fé úr Mörkinni. Flokkur manna frá skógræktinni smalaði þann 17. júlí, af Langadal, Húsdal og Valahnjúk. Út fóru um 150 kindur. Aftur var smalað í byrjun ágúst og þá nutum við aðstoðar gesta í Skagfjörðsskála, svo og skálavarða. Út fóru um 230 kindur. Svo sem búast mátti við, varð strax aftur krökkt af sauðfé innan girðingar.

Á Goðalandi var færra fé í sumar, en undanfarin ár. Var smalað af og til, og alltaf voru það sömu kindurnar sem verið var að eltast við. Þess má geta að þegar bændur smöluðu í haust, komu um 1000 kindur af Þórsmörk og Goðalandi.

FARARTÆKI OG HÚSNÆÐI.

Farartæki.

Starfsmenn skógræktarinnar í Þórsmörk þurfa að sinna verkefnum beggja vegna Krossár. Daglega þarf að fara yfir ána og því nauðsynlegt að farartækið sé öflugt. Síðastliðin tvö ár hafa starfsmenn haft til umráða dráttarvél af gerðinni Ford 2000 diesel og Bronco jeppa. Eftir tveggja ára reynslu af dráttarvélinni, teljum við hana ekki nógu öflugga og er alltaf happdrætti að komast yfir Krossá á henni, ef kerran er aftan í. Svo er þó yfirleitt og þá verður að varast að straumurinn hrífi kerruna og snúi dráttarvélinni um leið upp í strauminn. Eins kemur oft fyrir að bílar festa sig, og þegar slíkt kemur fyrir í miðri viku og fátt um öflugga bíla á svæðinu, eru góð ráð dýr. Dráttarvélina og jeppinn, til samans, hafa stundum náð að bjarga minni bílum úr ánni en þegar stórir hópferðabílar festa sig er ekki um aðtæki að ræða en óska aðstoðar frá Hvolsvelli. Slíkt tekur óratíma og á meðan stórskemmast farartækin í ánni. Þessi vandamál má öll leysa með því að hagsmunaaðilar í Þórsmörk, sameinist um kaup á farartæki, er verði staðsett í Þórsmörk allt sumarið. Þessi farkostur þarf að vera nógu öflugur til þess að draga stærri bíla úr ánni, og eins þarf hann að geta komið að notum sem vinnutæki fyrir starfsmenn.

Húsnæði.

Húsnæði það, er starfsmenn skógræktarinnar hafa til umráða, er hin ágætasta vistarvera þ.e.a.s. ef útidyrhurðin er undanskilin, en hún heldur hvorki vatni né vindi.

Herbergi í húsinu eru tvö, eldhús og svefnherbergi, og ýmis þægindi til staðar, svo sem rennandi vatn og bakaraofn. Í sumar var leitast við að bæta aðstöðuna utan dyra. Pallur var smíðaður og tröppur gerðar upp að húsinu. Má segja að það eina sem nú vanti til þess að fullkomna aðstöðuna, sé verkfæraskur undir stærri áhöld, svo sem skóflur og dráttartóg.

Lokaorð.

Að loknum lestri þessarar skýrslu, grunar eflaust einhvern að starfsmenn skógræktar ríkisins í Þórsmörk, undanfarin þrjú sumur, séu ekki alls kostar ánægðir. Það er alveg rétt. Okkur finnst, að svo margt þurfi að lagfæra og höfum hér að framan, og í fyrri skýrslum, bent á þau vandamál sem brýnast er að leysa.

Í Þórsmörk er mikil og viðkvæm náttúrufegurð. Þessi staður á sér enga hliðstæðu, og hann á athygli og umönnun skilið.

Að lokum, þökkum við yfirmönnum okkar, þeim Garðari Jónssyni skógarverði á Selfossi og Sigurði Blöndal, skógræktarstjóra ríkisins, samstarfið. Lögreglan á Hvolsvelli fær einnig bestu þakkir fyrir gott samstarf og veitta aðstoð.

Síðast en ekki síst, þökkum við samstarfsmönnum okkar í Þórsmörk, þ.e. skálavörðum í Skagfjörðsskála, Básun, og hjá Austurleið hf. í Húsadal, fyrir samveruna og gott samstarf.

Kópavogi, 9. janúar 1985

Streis og Flóri Þorgeirsson
(Sigm.)

GISTINGASKÝRSLA

til Hagstofunnar fyrir JÚNÍ mánuð 1984 frá:Tala herbergja/
vistarvera alls*

Tala rúma alls**

SKOGRÆKT RÍKISINS ÞÓRSMÖRK

nám, fullt heimilistang, sími

Mán- aðar- dag- ur	Tala gistinátta eftir þjóðerni gesta														Tala út- leigðra herbergja/ vistarvera	Tala nýrra gesta
	Ís- land	Dan- mörk	Sví- þjóð	Nor- egur	Finn- land	Stóra Bret- land	V- þýska- land	Hol- land	Frakk- land	Sviss	Önnur Evrópu- lönd	Banda- ríkin	Öll önnur lönd	Alls		
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
1.	53													53		
2.	53													53		
3.																
4.																
5.																
6.																
7.																
8.	294													294		
9.	354													354		
10.	354													354		
11.																
12.																
13.																
14.																
15.	111													111		
16.	114								9					123		
17.	3								9					12		
18.																
19.																
20.	17															
21.																
22.	210					1		2				3		216		
23.	245							2				3		250		
24.																
25.																
26.	7					2										
27.																
28.																
29.	266							1		2	1			270		
30.	266							1			1			268		
31.																
Alls	234	2	3	4	5	3	2	4	18	2	2	6		2384		

* Hér skal telja með herbergi tilheyrandi gististaðnum, en utan aðalhúsrúms hans, þar á meðal herbergi tekin á leigu — þó ekki herbergi, sem gististaðurinn greiðir leigu fyrir aðeins þegar grípa þarf til þeirra.

** Aukatilreidd rúm skulu ekki meðtalin.

Dags.: 2/7 84

Undirskrift þess, sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar:

Fris Mareksdóttir

til Hagstofunnar fyrir JÚLÍ mánuð 1984 frá:

Tala herbergja/ vistarvera alls*	Tala rúma alls**
-------------------------------------	------------------

SKÓGRAEKT RÍKISINS, ÞÓRSMÖRK
nán, fullt heimilistang, sími

Mán- aðar- dag- ur	Tala gistinátta eftir þjóðerni gesta														Tala út- leigðra herbergja/ vistarvera	Tala nýrra gesta
	Ís- land	Dan- mörk	Sví- þjóð	Nor- egur	Finn- land	Stóra Bret- land	V- Þýska- land	Hol- land	Frakk- land	Sviss	Önnur Evrópu- lönd	Banda- rþkin	Öll önnur lönd	Alls		
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
1.	1						3							4		
2.	4						3							7		
3.	3		2					2						7		
4.	3		2			1		2						8		
5.	3					7	19	5	30	7	2		1	74		
6.	420					7	19	3		7	2		1	459		
7.	420													420		
8.									20					20		
9.	12	4				10	11	3	10		4			54		
10.	3	3				2	5		11		75			99		
11.	2					2			11					15		
12.																
13.	490					4						1		495		
14.	567					4	14		36			1		622		
15.	12								16					28		
16.	3													3		
17.	3						2		1					6		
18.	12	2				2	5	2	1					24		
19.	19						2		27		20			68		
20.	620					1			1					622		
21.	620													620		
22.	9						41							50		
23.	9					9	10	6	14		4			52		
24.									14					14		
25.																
26.		2				7	25			1	5		1	41		
27.	218	2				21	29		29	1	5	3	1	309		
28.	215						2	2	2			2		215		
29.																
30.	3						12	5	15		1	1		37		
31.	5										2			7		
Alls	3076	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
		13	4			77	200	28	236	16	120	6	4	4380		

* Hér skal telja með herbergi tilheyrandi gististaðnum, en utan aðalhúsrúms hans, þar á meðal herbergi tekin á leigu — þó ekki herbergi, sem gististaðurinn greiðir leigu fyrir aðeins þegar grípa þarf til þeirra.
** Aukatilreidd rúm skulu ekki meðtalin.

Dags.: 2/8 84
Undirskrift þess, sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar:

Finna Marelisdóttir

til Hagstofunnar fyrir ÁGÚST mánuð 1984 frá:

Tala herbergja/
vistarvera alls*
Tala rúma alls**

SKUGRÆKT RÍKISINS ÞÓRSMÖRK
náfn, fullt heimilisfang, sími

Mán- aðar- dag- ur	Tala gistinátta eftir þjóðerni gesta														Tala út- leigðra herbergja/ vistarvera	Tala nýrra gesta
	Ís- land	Dan- mörk	Sví- þjóð	Nor- egur	Finn- land	Stóra Bret- land	V- Dýska- land	Hol- land	Frakk- land	Sviss	Önnur Evrópu- lönd	Banda- ríkin	Öll önnur lönd	Alls		
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
1.	9							2			2			13		
2.							3	2			22			27		
3.	500													500		
4.	500													500		
5.	500													500		
6.	1				1	18	6		11					37		
7.							3		15	2				20		
8.	2					2	2							6		
9.						2								2		
10.	62		6			9	1					2		80		
11.	62													62		
12.																
13.																
14.	18						1							19		
15.	3						1							4		
16.						12	29			1	12			54		
17.	88	3				18	18			1		6		134		
18.	129						2	2						133		
19.								2						2		
20.	3						6	4	11		2			26		
21.	2						7		11		60			80		
22.	2								26	1				29		
23.																
24.	20													20		
25.	20													20		
26.																
27.																
28.																
29.																
30.																
31.																
Alls	1921	3	6		1	61	79	12	74	5	98	8		2268		

* Hér skal telja með herbergi tilheyrandi gististaðnum, en utan aðalhúsrúms hans, þar á meðal herbergi tekin á leigu - þó ekki herbergi, sem gististaðurinn greiðir leigu fyrir aðeins þegar grípa þarf til þeirra.
** Aukatilreidd rúm skulu ekki meðtalin.

Dags.: 31. 8

Undirskrift þess, sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar:

Frís Mareldóttir

Skýrsla viðgerðarmanna Skógræktar Ríkisins um innrekstur
fjár í Skógargirðinguna í Þórsmörk.

Miðvikudaginn 27 júní 1984 fóru 5 starfsmenn Skógræktar Ríkisins til viðgerða á girðingunni frá Tindfjallagili og sem leið liggur upp Svínatungur og inn að Rjúpnagilsbrún og lukum verkinu upp úr miðnætti. - Okum síðan til baka og er við komum út úr Húsadal um kl. 1,30 aðfararnótt 28 júní sáum við menn vera að reka fé inn rennuna svokölluðu, upp með Markarfljóti. 3 dráttarvélar með vögnum (heivögnum stórum) voru við rennuendan. Héldum við síðan yfir í Langadal með viðkomu í skála Austurleiðar h/f, þar sem fyrir voru verðir Ferðafélags Ísl. og Útivistar ásamt Halldóri Óskarssyni verði í Austurleiðaskála.

Fimmtudag 28 júní héldum við sömu leið til baka upp Svínatungur og okum og gengum með girðingunni og var förinni heitið inn að Rjúpnagilsbrún til að halda áfram viðgerðum þar sem frá var horfið kvöldið áður. Á leiðinni vorum við að skyggjast eftir fé bændanna frá kvöldinu áður og bjuggumst við að sjá það skammt fyrir innan Þröngá móts við Hamraskóga en sáum ekkert. - Þar reka bændur venjulega yfir Þröngá, yfir á Almennunga enda eina færa leiðin yfir nefnda á.

Aðra sögu var að segja er við komum upp á miðjar Svínatungur. Þar var allmikið af fé innan girðingar. Þegar betur var að gáð, mátti sjá að hreift hafði verið við girðingunni sem gert hafði verið við daginn áður. Í snjóðæld sem þarna er, legst girðingin niður undan snjó að vetrinum og höfðum við eytt u.þ.b. 2 klst í að gera við hana daginn áður, einmitt á þessari snjóðæld. Járnstaur hafði verið rifinn upp og þar með opnað undir girðinguna og féð rekið þarna inn. Það mátti sjá á kindaförum utan og innan við girðinguna. Staurinn hefur síðan verið laminn niður aftur með steinhnullungi sem lá við staurinn, og er nú í vörslu Skógræktarinnar.

Það sem vakti athygli okkar um að allt myndi ekki með felldu var eftirfarandi:

1. Bændur koma með fé að rennu í Húsadal um kl 1,30 aðfararnótt fimmtudags 28 júní. Má það teljast ankannanlegur tími.
2. Ekkert fé var á Almennungum við Þröngá um kl. 11 árdegis Fimmtudag 28 júní er við fórum þar hjá, sem þó hefði mátt búast við hefði venjulegum rekstrarvenjum verið fylgt.
3. Fyrir eftir stóran fjárhóp lágu upp Svínatungur og enduðu í

áður nefndri snjóðæld.

4. Greinilegt var að hreift hafði verið við girðingunni eftir að viðgerðarmenn skildu við hana miðvikudaginn 27 júní.
5. Steinn sem greinilega hafði á sér merki þess að hafa verið notaður til að berja járnstaur niður lá við staurinn í snjóðældinni sem áður er nefnd.
6. Töluvert af fé dreifðist um grundirnar og gilín innan girðingar á móts við títtnefnda snjóðæld, þar sem ekkert fé hafði verið daginn áður, er við fórum með girðingunni.

Ofanritað getum við 5 viðgerðarmenn vitnað um, þar sem við fórum þarna um 2 umrædda daga 27 og 28 júní 1984.

Böðvar Guðmundsson Selfossi

Arni Ingólfsson Reykjavík

Iris Marelsdóttir Reykjavík

Gunnar I. Gunnarsson Selfossi

Ragnar Haraldsson St. Mástungu Gnúp.

Skýrsla þessi er rituð 29 júní 1984:



Böðvar Guðmundsson verkstjóri.